

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1998.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.***Jón Thors.***AUGLÝSING****um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekkubæjar á Hellnum, Snæfellsbæ.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 19. júní 1998 samþykkt nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekkubæjar á Hellnum, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan heimreiðar að Brekkubæ og austan þjóðvegur og gerir ráð fyrir 33 húsa sumarhúsabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 22. desember 1998.*

*Bæjarverkfræðingur Snæfellsbæjar,*

**Örn T. Johnsen.****TILKYNNING****nr. 5/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.**

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. janúar 1999 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olfur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,20 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við